

17. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða stjórnar. Ákvæðum 15. og 16. gr. má þó ekki breyta.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá skulu hafa borist framkvæmdanefnd viku fyrir aðalfund og liggja frammi ásamt reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.

18. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 567.

25. september 1981.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð dvalarheimilis aldraðra, Eskifirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. september 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Byggingarsjóðs dvalarheimilis aldraðra, Eskifirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður dvalarheimilis aldraðra, Eskifirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða borgara Eskifjarðar og næsta nágrennis.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00 —, tíu þúsund krónur $\frac{00}{100}$, sem Lionsklúbbur Eskifjarðar leggur fram.

4. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningar- og dánargjöfum svo og almennum gjöfum. Allar gjafir skal skrá í sérstaka gjafabók. Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld.

5. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um framlag úr sjóðnum hverju sinni.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðinn skal ávaxta þar sem sjóðsstjórn telur arðbærast og tryggast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og fjórir til vara. Bæjarstjórn Eskifjarðar tilnefnir einn stjórnarmann, hreppsnefnd Helgustaðahrepps einn, Lionsklúbbur Eskifjarðar einn, Kvenfélagið Döggin einn. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Þá skal heilsugæslulæknirinn á Eskifirði eiga sæti í sjóðsstjórn.

Stjórnin kys sér formann og ritara.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók.

9. gr.

Eskifjarðarkaupstaður annast reikningshald fyrir sjóðinn í umboði sjóðsstjórnar og skulu kjörnir endurskoðendur kaupstaðarins jafnframt vera endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. október 1981 til ársloka 1984:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri

Akureyri — Þórshöfn — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 29. september 1981.

Steingrímur Hermannsson

Birgir Guðjónsson

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. ágúst 1981 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Búðahrepp, Fáskrúðsfirði, S-Múlasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Búðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir